

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. marz 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um álagningu fasteignaskatta (atvinnuhúsnæði), 301. mál.

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 5. marz sl., um ofangreint mál á þingskjali 336.

Megintillögur í frumvarpinu eru tvær; að skráning matverðs fasteigna árið 2020 miðist við ætlað gangverð í aprílmánuði það ár og skuli Þjóðskrá endurskoða fasteignamat atvinnuhúsnæðis til samræmis við það. Þá verði sveitarfélögum heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt af þeim hluta fasteignar sem skráður er sem atvinnuhúsnæði ef atvinnurekstur hefur stöðvazt um lengri eða skemmri tíma vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar eða rekstraraðili orðið fyrir meira en 50% tekjufalli.

FA er sammála þeim forsendum sem fram koma í greinargerð frumvarpsins; að fráleitt er að miða fasteignamat ársins 2020 við gangverð í febrúar, þar sem hrun varð í efnahagslífinu mánuði síðar vegna heimsfaraldursins. Sömleiðis er fráleitt að innheimta skattinn af t.d. fyrirtækjum í ferða- og veitingaþjónustu, beint af þeim sem eru í eigin húsnæði eða óbeint af þeim sem greiða leigu, eins og ekkert hafi í skorizt í rekstrinum.

Hækkanir á fasteignamati hafa verið gríðarlegar undanfarin ár, án þess að á móti hafi komið samsvarandi lækkanir á álagningarprósentu fasteignaskatts hjá sveitarfélögum. Skattbyrði fyrirtækja af þessum sökum hefur þyngzt verulega, alveg óháð því hvernig gengur í rekstri þeirra.

Frumvarpið er í takt við málflutning FA, sem hefur lagt að sveitarfélögum að gefa afslátt af fasteignaskatti eða fella hann niður tímabundið til að auðvelda fyrirtækjum að komast út úr kreppunni. Félagið leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA